



BORÐTENNISAMBAND ÍSLANDS

REGLUGERÐ BTÍ UM ALDURSFLOKKAMÓTARÖÐ

1. gr. Umgjörð

Aldursflokkamót eru opin mót í svonefndri aldursflokkamótaröð BTÍ. Hafa mótin sama vægi á styrkleikalista og punktamót.

Aldursflokkamótin eru þrjú til sex á hverju keppnistímabili.

Á hverju móti fá keppendur stig í samræmi við það sæti sem þeir lenda í. Fyrsta sætið gefur átta stig, annað sætið gefur fjögur stig, þriðja/fjórða sætið gefur tvö stig og fimmta, sjötta, sjöunda og áttunda sætið gefa eitt stig.

2. gr. Keppnisfyrirkomulag

Kept skal í fjórum aldursflokkum, 11 ára og yngri, 12-13 ára, 14-15 ára og 16-18 ára. Röðun í flokka miðast við aldur keppenda um áramót.

Í hverjum aldursflokki skal keppt í riðlum og síðan einfaldur útsláttur, útsláttur, 3-5 lotur. Í samráði við mótanefnd BTÍ er einnig hægt að keppa skv. öðru fyrirkomulagi, t.d. þannig að keppt sé um hvert sæti.

3. gr. Keppnisfyrirkomulag á síðasta móti tímabils

Á síðasta aldursflokkamóti hvers tímabils skulu bæði veitt verðlaun fyrir árangur þess móts og heildarárangur á mótaröðinni. Séu tveir leikmenn jafnir um heildarstig í einhverju verðlaunasæta mótaraðarinnar skulu þeir deila sæti.

4. gr. Tilkynning til fjölmiðla

Félag sem heldur Aldursflokkamót skal tilkynna öllum íþróttadeildum

fjölmiðla úrslit mótsins eins fljótt og unnt er eftir að þau liggja fyrir.

5. gr.
Mótshald og tímabil móta

Öll félög innan BTÍ geta sótt um að halda aldursflokkamót. Skal sækja um að halda slíkt mót fyrir 1. september fyrir komandi keppnistímabil. Skal mótanefnd BTÍ leitast við að dreifa mótum yfir keppnistímabilið, gæta að prófatímabilum skóla og dreifingu milli landshluta. Í umsóknum skal koma fram dagsetning fyrirhugaðs móts, dagsetning til vara, keppnisstaður og hver haldi mótið. Leitast skal við að aldursflokkamót séu haldin af flestum félögum og skal mótanefnd gæta jafnræðis í því sambandi.

6. gr.

Mótanefnd BTÍ sér um verðlaun fyrir heildarúrslit aldursflokkamótaraðarinnar. Í þeim tilfellum sem tveir leikmenn eru jafnir um heildarárangur á mótariðinni (t.d. 2.-3. sæti) skal mótanefnd BTÍ útvega verðlaun að móti loknu í samræmi við slíkt (t.d. auka silfurmedalía).

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Samþykkt í stjórn BTÍ þann 1. nóvember 2012. Breytingar samþykktar í ágúst 2017 og september 2018.